

Áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti í leikskólum Kópavogs

Einelti er ekki liðið í leikskólum Kópavogs

Starfsmönnum leikskólanna ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því.

- Það telst einelti þegar um ítrekað ofbeldi er að ræða gagnvart einstakling eða hóp og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt.
- Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.
 - Gerendur og þolendur í einelti geta verið einn eða fleiri.

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkjá.

Til að sporna við einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina
- skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis

Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.

Einelti birtist í mörgum myndum:

Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun ofl.

Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni ofl.

Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi ofl.

Einelti getur átt sér stað á milli:

- starfsmaður / starfsmaður
- barn / barn
- starfsmaður / barn
- barn / starfsmaður

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til réttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála.

Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti.

Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:

- Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d. í símenntunaráætlun.
- Umræður og fræðsla um samskipti þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru "gráu svæðin"?
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Kanna líðan barnanna
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum ?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Samþykkt á fundi leikskólastjóra 21. september 2004